

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Friðþjófur G. Johnsen hdl., f. h. eigenda m/k Havfrugvin V.N. 220, þeirra Ole Jakob Olsen og Hans Olsen, greiði stefnandanum Hinrik Jónssyni, f. h. eigenda b/v King Sol, G.Y. 338, Ranovia S.F. Co. Ltd., kr. 120 000.00, og kr. 8000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. júní 1948.

Nr. 24/1948. **Hannes Björnsson** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Tryggva Jóhannessyni (Enginn).

Visun máls frá hæstarétti.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. marz 1948, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans hendi, enda þótt stefnan sé löglega birt. Hefur málið því samkvæmt 38. gr. laga nr. 112/1935 verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Hinn 2. júlí 1946 sneri umboðsmaður áfrýjanda, hrl. Magnús Thorlacius, sér til borgarfógetans í Reykjavík og krafðist þess fyrir hönd áfrýjanda, að fógeti hlutaðist til um það, að herbúð stefnda yrði rýmt af leigulandi áfrýjanda, Laugarásbletti 21 hér í bæ.

Mál um kröfu þessa var síðan sótt og varið skriflega fyrir fógetadómi og tekið til úrskurðar hinn 27. júlí s. á. og úrskurður upp kveðinn 31. s. m. Í upphafi úrskurðar síns hermir fógeti ranglega kröfu áfrýjanda á þá leið, að stefndi

verði borinn út úr herbúð þeirri, er áður greinir, og kvað hann upp úrskurð þess efnis, að útburðargerð þessi fari fram. Magnús hrl. Thorlacius kveðst hafa látið fógeta lesa fyrir sér niðurstöðu úrskurðarins, þar sem segir, að gerðin skuli fram fara, og segist Magnús því hafa litið svo á, að kröfur sínar um rýmingu herbúðarinnar hefðu verið til greina teknar. Fól hann síðan Boga Brynjólfssyni, fyrrverandi sýslumanni, að framfylgja úrskurðinum. Var málið tekið til meðferðar í fógetadómi Reykjavíkur hinn 9. ágúst s. á., og er þá bókað, að krafist sé útburðar samkvæmt áðurgreindum úrskurði. Enn var málið til meðferðar í fógetadómi 28. október s. á. Var þar kominn af hendi Magnúsar hrl. Thorlacius fulltrúi hans, Jóhann Steinason cand. juris. Er þar enn bókað, að krafizt sé útburðar. Ekki kveðst Magnús Thorlacius hafa vitað um kröfur og bókanir þær, sem fulltrúar hans gerðu 9. ágúst og 28. október. Telur hann, að ranghermi fógeta á kröfum áfrýjanda og niðurstaða úrskurðarins, sem er í samræmi við ranghermið, eigi að valda ómerkingu úrskurðarins og heimvísun málsins, enda verði eigi mark tekið á bókunum og kröfum fulltrúa sinna, er gerðar hafi verið að honum fornspurðum.

Þessi sjónarmið fá ekki staðizt. Fulltrúar hrl. Magnúsar Thorlacius, sem eru löglærðir og fullgildir til fyrirsvars fyrir dómi, kröfðust þess berum orðum, að úrskurðinum yrði fullnægt. Verða yfirlýsingar þeirra og framkoma ekki skýrð á annan hátt en þann, að þeir vildu fyrir hönd áfrýjanda hlíta niðurstöðu úrskurðarins. Verður að telja áfrýjanda bundinn við þessar yfirlýsingar þeirra, sem ekki samrýmast áfrýjun málsins. Samkvæmt þessu verður að vísa málskoti þessu frá hæstarétti. Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógeta var kveðinn upp 31. júlí 1946. Áfrýjunarleyfis var aflað 2. marz 1948. Voru þá liðnir 19 mánuðir frá uppsögu úrskurðar fógeta. Verður að víta Magnús hrl. Thorlacius fyrir þenna drátt á áfrýjun málsins, enda átti hann ekki að geta vænzt þess að fá áfrýjunarleyfi, er svo langt var um liðið frá uppsögu úrskurðarins.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 31. júlí 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 27. júlí s. l., hefur gerðarbeiðandi, Hannes Björnsson, Njálsgötu 92, hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Tryggvi Jóhannesson, verði borinn út úr bragga, er stendur á lóðinni nr. 21 við Laugarásblett, hér í bæ.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Árið 1932 leigði Reykjavíkurbær Andrési Andréssyni klæðskera hér í bæ, lóðina nr. 21 við Laugarásblett, 1.37 ha að stærð. Var lóð þessi leigð til trjá- og blómaræktar, og var leigutíminn 20 ár. Ársleiga skyldi vera kr. 50.00. Síðar gekk svo gerðarbeiðandi, Hannes Björnsson, inn í þenna samning sem leigutaki í stað Andrésar.

Eftir brezku innrásina hér, vorið 1940, voru reistir 2 hermanna-skálar á lóð þessari, og hafa þeir staðið þar síðan. Gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson keypti annan þessara skála 7. júní 1945 af sölunefnd setuliðseigna, og var skáli þessi að visu seldur til niðurrifs, en gerðarþoli fór eigi að því, heldur lagaði hann til íbúðar og hefur búið þar síðan með fjölskyldu sinni.

Aðiljum ber saman um að gerðarþoli hafi enga þóknun greitt gerðarbeiðanda fyrir veru braggans á lóð þessari, og engir skriflegir samningar hafa tekið með þeim um veru skálans á lóðinni.

Gerðarþoli ritaði sölunefnd setuliðseigna hinn 7. maí s. l., og krafðist þess, að hún léti rífa bragga þenna tafarlaust, sjá hér rskj. 2. — Nefndin svaraði bréfi þessu með öðru bréfi dags. 1. júlí s. l., sjá rskj. 3, og færðist þar undan þessari kröfu gerðarbeiðanda, með því að skáli þessi hefði verið lagaður til íbúðar, og þyrfti því til að koma opinber úrskurður til þess að fært þætti að rífa hann.

Gerðarbeiðandi sneri sér þá til fógetaréttarins með bréfi, dags. 2. júlí s. l., og krafðist þess, að gerðarþola yrði gerð óheimil vera í skála þessum. Hefði skáli þessi verið keyptur til niðurrifs og væri algerlega lóðarréttindalaus.

Gerðarþoli mótmælir gerðinni fyrst og fremst á þeim grundvelli, að skáli þessi hafi verið lagaður til íbúðar, og sé því óheimilt að rífa hann, nema til komi leyfi húsaleigunefndarinnar, en slíks leyfis hafi ekki enn verið aflað. Hann kveður ekki hafa verið minnzt á það við sig, þegar hann keypti skálann, að neinn ákveðinn aðili hefði réttindi yfir lóðinni, og kveðst hann því hafa gengið út frá því, að landi þessu væri óráðstafað af hálfu Reykjavíkurbæjar. Hann

hafi svo lagað braggann til íbúðar í góðri trú og falli hann því undir 4. gr. húsaleigulaga, 1. mgr. Þá kveður gerðarþoli, að gerðarbeiðandi hafi dregið á það að leyfa veru skálans á lóðinni allt til 1. júlí 1948.

Gerðarbeiðandi mótmælir því algerlega að hafa gefið gerðarþola neins konar loforð um að skáli þessi mætti standa á lóðinni neinn ákveðinn tíma. Hann kveðst að visu hafa ætlað að semja við gerðarþola á þeim grundvelli, að skálinn mætti standa til 1. júlí 1948, eins og samningsuppkastið á rskj. 8 ber með sér, en vegna þess, að ekki varð samkomulag um ýmis önnur atriði, hafi þetta þó ekki orðið að samningum.

Það er sýnilegt eftir framburðum aðilja hér fyrir réttinum, að þeir hafa rætt allmikið saman um veru skálans á lóðinni, en eins og áður er greint, hafa engir skriflegir samningar tekizt. Gerðarþola hefur ekki tekizt, gegn mótmælum gerðarbeiðanda, að sanna að gerðarbeiðandi hafi gefið neitt loforð um að skálinn mætti standa á lóðinni einhvern vissan tíma.

Það er vitanlegt, að þegar gerðarþoli réðist í að laga skála þennan til íbúðar, bar honum að hefjast handa um að ganga úr skugga um, hvort enginn hefði réttindi yfir skálastæðinu, og var honum á margan hátt innan handar að fá þá vitneskju. Sérstaklega gildir þetta, þar sem gerðarþoli keypti skálann til niðurrifs.

Þannig verður ekki álitíð, að gerðarþoli hafi verið í góðri trú viðvikjandi tilheyrslu skálastæðisins, þegar hann lagaði skálann til íbúðar, og kemur ekki til mála að þannig til orðið húsnæði falli undir 4. gr. laga nr. 39/1943, 1. mgr.

Ber því samkvæmt framansögðu að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar. Þykir auk þess rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 500.00 í málskostnað.

Þvi úrskurðast:

Gerð þessi skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli Tryggvi Jóhannesson, Laugarásbletti nr. 21, hér í bæ, greiði gerðarbeiðanda Hannesi Björnssyni, Njálsgötu 92, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa, að viðlagðri aðför að lögum.